

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 30. apríl 2025 í máli nr. 151/2024

Kærunefndina skipa í þessu máli lögmennirnir Hildur Leifsdóttir, Hildur Ýr Viðarsdóttir og Jón Rúnar Pálsson.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 1. nóvember 2024 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar („kvörtun“), frá X („sóknaraðili“), vegna ágreinings í viðskiptum við Y („varnaraðili“).

Sóknaraðili krefst endurgreiðslu úr hendi varnaraðila að fjárhæð 180.000 krónur ásamt dráttarvöxtum frá 18. september 2024.

II

Málsmeðferð hjá kærunefndinni

Með tölvubréfi, dags. 1. nóvember 2024, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Var boð um aðild ítrekað með ábyrgðarbréfi, dags. 14. febrúar 2025 sem afhent var varnaraðila 17. sama mánaðar. Andsvör bárust ekki frá varnaraðila.

Framlögð gögn í málinu eru kvörtun, staðfesting á greiðslum og afrit af skriflegum samskiptum milli aðila.

Með bréfi, dags. 29. apríl 2025, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og að kærunefndin hefði tekið málið til úrskurðar.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Af gögnum máls verður ráðið að varnaraðili gerði sóknaraðila tilboð í verk sem fól í sér að skipta um glugga á baðherbergi í fasteign sóknaraðila. Nam tilboð varnaraðila í verkið alls 450.000 krónum. Miðaðist tilboðið við að 40% staðfestingargjald skyldi greitt við samþykki þess. Sóknaraðili samþykkti tilboð varnaraðila þann 10. maí 2024 og greiddi umrætt staðfestingargjald, alls að fjárhæð 180.000 krónur, með millifærslu inn á reikning varnaraðila sama dag. Sömdu aðilar svo um að verkið yrði unnið í byrjun júlí 2024. Kveðst sóknaraðili hafa upplýst varnaraðila að ýmsar framkvæmdir væru fyrirhugaðar á baðherberginu og því brýnt að umþrættu verki yrði lokið áður en þær hæfust. Áttu aðilar í nokkrum skriflegum samskiptum í júlí þar sem sóknaraðili meðal annars innti varnaraðila eftir því hvenær hann hygðist hefja verkið. Í tölvupósti 18. júlí 2024 upplýsti varnaraðili sóknaraðila um að einhverjar tafir yrðu á verkinu sökum sumarleyfa. Ítrekaði sóknaraðili margsinnis ósk sína um að um að varnaraðili myndi hefja verkið í júlí og ágúst 2024 án árangurs. Með tölvupósti 3. september 2024 tilkynnti sóknaraðili varnaraðila um riftun sína á samningi aðila og óskaði eftir endurgreiðslu staðfestingargjaldsins. Var frestur til þess veittur til og með 18. sama mánaðar. Sóknaraðili ítrekaði kröfu sína um endurgreiðslu með tölvupóstum 3. október og 1. nóvember 2024.

IV **Lagaumhverfi**

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup (þkpl.) taka lögin til hvers kyns samninga um kaup á þjónustu sem veitt er neytendum í atvinnuskyni gegn endurgjaldi og þegar veitt þjónusta felur í sér:

1. vinnu við lausafjármuni,
2. vinnu við fasteignir, vinnu vegna byggingarframkvæmda eða aðrar framkvæmdir á landi,
3. geymslu á lausafjármunum,
4. ráðgjafarþjónustu sem veitt er í tengslum við 2. tölul.

Samningur aðila fólst í viðgerð á tveimur opnanlegum fögum og skipti á gleri í einum glugga í fasteign sóknaraðila. Ágreiningur málsins heyrir undir gildissvið þkpl., sbr. 2. tölul. 1. gr. laganna.

Í 1. mgr. 20. gr. þkpl. er m.a. kveðið á um að seldri þjónustu skuli lokið á þeim tíma sem samið hefur verið um. Í 2. mgr. sama ákvæðis segir að hafi seljandi þjónustu ekki tekið fram í samningi hvenær henni skuli lokið eða það hefur ekki á annan hátt verið ákveðið telst dráttur vera til staðar ef seljandi þjónustu skilar ekki verki innan sanngjarns frest eftir að krafa um það kemur fram.

Samkvæmt 21. gr. þkpl. getur neytandi rift samningi ef drátturinn skiptir hann verulegu máli og seljanda þjónustu mátti vera það ljóst, eða seljandi þjónustu leysir hana ekki af hendi innan umsamins frests eða innan sanngjarns frest eftir að krafa hefur komið fram um afhendingu.

Í 1. mgr. 22. gr. laganna segir m.a. að komi til riftunar samnings skulu aðilar skila því sem þeir hafa fengið afhent að svo miklu leyti sem það er unnt og gert verður án verulegs óhagræðis.

V **Niðurstaða**

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerð nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa, sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020. Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka fyrir nefndinni, þ.e. hvorki skilað inn andsvörum né gögnum. Byggir því niðurstaðan á þeim upplýsingum og gögnum sem sóknaraðili hefur lagt fram í málinu.

Sóknaraðili og varnaraðili eru einstaklingar. Samkvæmt 1. gr. laga nr. 81/2019 er markmið þeirra að tryggja neytendum aðgang að skilvirkri og faglegri málsmeðferð við lausn deilumála utan dómstóla. Lögin taka til ágreinings um samninga sem neytendur gera við seljendur um kaup á vöru eða þjónustu, sbr. 3. gr. þeirra. Með neytanda er átt við einstakling sem kaupir vöru eða þjónustu gegn endurgjaldi, enda séu kaupin ekki gerð í atvinnuskyni, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. laganna. Með seljanda er átt við einstakling, félag, opinberan aðila og aðra sem koma fram í atvinnuskyni og gera samninga við neytendur, svo og hvern þann sem í atvinnuskyni kemur fram í umboði eða fyrir hönd seljanda, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 4. gr. Af gögnum málsins verður ráðið að varnaraðili hugðist veita sóknaraðila, sem neytanda, þjónustu við viðgerðir á gluggum sem varnaraðili selur í atvinnuskyni í

skilningi laga nr. 81/2019. Heyrir útlausn málsins því undir kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa, sbr. 1. mgr. 16. gr. laganna.

Í málinu liggur fyrir að aðilar sömdu svo um að verkið yrði unnið í byrjun júlí 2024. Sóknaraðili ítrekaði margsinnis beiðni sína um að varnaraðili myndi hefja hið umsamda verk, síðast með tölvupósti þann 20. ágúst 2024. Þá liggur fyrir að sóknaraðili rifti samningi aðila með tölvupósti þann 3. september 2024. Samkvæmt upplýsingum frá sóknaraðila til kæruneftndarinnar, frá 9. apríl 2025, hefur varnaraðili enn ekki endurgreitt innborgun sóknaraðila inn á verkið. Eru þannig liðnir um 11 mánuðir frá því að aðilar sömdu um verkið. Má því leggja til grundvallar í málinu að dráttur í skilningi 2. mgr. 20. gr. þkpl. hafi sannanlega orðið á því að þjónustu varnaraðila við sóknaraðila yrði lokið.

Að mati nefndarinnar verður fallist á það með sóknaraðila að honum hafi verið heimilt að rifta samningi aðila með vísan til 21. gr. þkpl. Þykir ljóst af framlögðum samskiptum aðila að dráttur á þjónustu varnaraðila skipti sóknaraðila verulegu máli þar sem brýnt var að fara í framkvæmdir á glugga í fasteign sóknaraðila.

Við mat á endurgreiðslukröfu sóknaraðila samkvæmt 22. gr. þkpl. verður að líta til þess, með hliðsjón af framlögðum gögnum, að varnaraðili hefur í engu efnt samning aðila. Á sóknaraðili því rétt á endurgreiðslu að fullu. Ber varnaraðila því að endurgreiða sóknaraðila 180.000 krónur.

Sóknaraðili gerir kröfu um að varnaraðila verði gert að greiða dráttarvexti af kröfunni frá 18. september 2024 en það er sá dagur sem sóknaraðili veitti varnaraðila frest til að endurgreiða sér í kjölfar riftunar samningsins. Í máli þessu hefur ekki verið samið um gjalddaga kröfu sóknaraðila og ber því að reikna dráttarvexti frá og með þeim degi þegar liðinn er mánuður frá því að kröfuhafi sannanlega krafði skuldara um réttu um greiðslu, sbr. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Sóknaraðili gerði ekki kröfu um endurgreiðslu fyrr en með bréfi sínu 3. september 2024 og reiknast því dráttarvextir frá 3. október sama ár, eins og nánar greinir í úrskurðarorði.

V

Úrskurðarorð

Varnaraðili, Y, skal greiða sóknaraðila, X, 180.000 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 3. október og til greiðsludags.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila samkvæmt a. lið 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa.

Varnaraðila ber að greiða málskostnaðargjald að fjárhæð 15.000 krónur með vísan til 4. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa.

Hildur Ýr Viðarsdóttir
formaður

Hildur Leifsdóttir

Jón Rúnar Pálsson